

Myndabókagreining (15%)

Nemendur geta valið milli þess að vinna verkefnið 2-3 saman eða hver fyrir sig. Markmið verkefnisins er að nemendur þjálfist í að greina og leggja mat á myndabækur fyrir börn, bæði texta og myndir. **Ef þið vinnið verkefnið 2-3 saman þurfið þið að greina tvær bækur og bera gæði þeirra saman, einstaklingum dugir að greina eina. Glærupakka skal skila í skilakassa á Moodle, ásamt handriti (hvort í sitt hólf, sbr. flípa). Skil: 23. mars 2025.**

Hver nemandi/hópur velur sér bók/bækur af lista á Moodle, og skilar munnlegri kynningu um hana/þær. **Ef þið hafið áhuga á að taka fyrir aðrar bækur en eru á listanum þarf að bera þær undir kennara fyrst.** Athugið að byggja kynninguna upp á hefðbundinn hátt (þrískipt bygging) og mjög mikilvægt er að nota myndefni, s.s. myndir úr bókinni/bókunum, til að skýra mál sitt og gera kynninguna áhugaverðari. Heimildir, þ.m.t. myndabókin sem kynnt er, fara að sjálfsögðu í heimildaskrá og skráðar skv. **APA-kerfinu** eins og það er sett fram hjá [ritveri HÍ](#). Heimildaskrá skal setja á síðustu glæruna. Aftan við hana kemur myndaskrá sem er sett upp með svipuðum hætti (sjá líka [leiðbeiningar vegna veggspjalds](#)). Greinarnar Setið í kjöltunni og Raddir barnabókanna, sem finna má á Moodle eru fyrirtaks heimildir fyrir þetta verkefni.

Í greinargerðinni eiga neðangreind atriði m.a. að koma fram en athugið að **þetta er ekki tæmandi upptalning**. Í sumum tilfellum **getur verið nauðsynlegt, gagnlegt eða skemmtilegt að benda á, ræða, útskýra eða kryfja önnur atriði, t.d. ákveðin einkenni, tækni, litanotkun, heildaráhrif, atriði sem snerta menningarläsi, hvert myndirnar vísa o.fl.** Einnig er hugsanlegt að sum þeirra atriða, sem talin eru upp hér fyrir neðan, eigi ekki við um allar bækurnar.

Inngangur:

- Örstutt kynning á bókinni:
 - Titill
 - Höfundur (mynda/texta)
 - Þýðandi ef það á við
 - Útgefandi og útgáfustaður
 - Í hvaða röð er ætlunin að fjalla um efnið.

Meginmál:

- **Bókmenntagreining:**
 - Fléttan: Söguþráður í stuttu máli

- Sögupersónur: Aðal- og aukapersónur
- Veraldlegt umhverfi: Hvar gerist sagan? Vísar myndefnið/sagan til íslenskrar menningar eða er um alþjóðlegt efni að ræða. Er sögusviðið hugsanlega tilbúið? Eru vísanir í aðra texta eða einhver tiltekin stílbrögð ráðandi.
- Frásagnarháttur: Er sögumaður persóna í sögunni? Er sjónarhornið í 1., 2. eða 3. persónu?
- Stílbrögð: Má finna einhver algeng [stílbrögð](#), s.s. endurtekningu, andstæður, kímni eða orðaleiki.

➤ **Markhópur:**

- Hvaða aldurshópi teljið þið að sagan sé ætluð? Rökstyðja!
- Höfðar sagan jafnt til allra kynja? Rökstyðja
- Hefur sagan eitthvert yfirlýst markmið? Er henni t.d. ætlað að vera fræðandi? Má finna gamaldags gildi eða viðhorf í henni?
- Hvernig tekst höfundur sögunnar að fara eftir [„boðorðunum tíu“](#)? Rökstyðja!
- [Hefur textinn tvo innbyggða lesendur, þ.e. barn og fullorðinn. Hvers konar ávarp er notað? Er það tvöfalt, einfalt eða tvíþætt?](#) Rökstyðja!
- Er málfarið á bókinni við hæfi barns í markhópnum? Er það of létt eða of flókið? Býður efni bókarinnar upp á samtal milli foreldri/fullorðins og barns?

➤ **[Hvaða flokki myndabóka](#) tilheyrir þessi bók?**

- Hvert er samspil mynda og texta?
- Hvað einkennir myndirnar?
- Bæta myndirnar einhverju við textann?
- Segja þær t.d. einhverjar hliðarsögu eða eru þær aðeins skreyting?
- Er eitthvert leiðarstef í myndskreytingum? Er t.d. einhver smámynd sem birtist á hverri síðu/opnu?

➤ **Greinið myndirnar í bókinni með hliðsjón af öllum [lyklum Moebiusar](#).**

- Takið dæmi úr bókunum máli ykkar til stuðnings (myndir og lýsing). Athugið notkun lita, útlit og frágang, skoðið opnur í heild sem og saurblöð (for- og baksíða) bókarinnar.

Lokaorð:

- **Lokaniðurstöður og mat ykkar á bókinni.** Munið að rökstyðja mat ykkar.

Athugið að **þessi upptalning er aðeins hugsuð til leiðbeiningar** og til að **gefa ykkur hugmyndir um umfjöllunarefni og efnistöð**. Notið þessar upptalningar því til hliðsjónar. Alls ekki er ætlast til að spurningunum sé aðeins svarað heldur á að **setja saman heildstæða kynningu**.

Frágangur:

- Forsíðuglæra með **nafni kynningar**, þarf að vera áhugavert og tengjast efni kynningar (ekki titill bókar). Auk þess fullt nafn/nöfn þess/þeirra sem kynninguna unnu.
- **Skoðið rækilega [leiðbeiningar við glærugerð á Moodle](#)**. Frágangur á að vera í samræmi við það sem þar kemur fram.
- **Setjið efnið fram í stikkorðastíl** á glærum og fylgið því eftir með handriti. Skila þarf bæði glærum og handriti. Gætið þess að framsetning efnis á glærum endurspegli umfjöllunina. Ekki setja bara spurningar á glærurnar.
- Efnið er myndrænt og því **algjörlega nauðsynlegt að setja myndir á glærurnar**. Taka má ljósmyndir af myndskreytingum í bókinni/bókunum málinu til stuðnings.

Uppbygging á glærukynningu ætti að vera með eftirfarandi hætti:

- 1) Forsíðuglæra, 1 glæra
- 2) Inngangur og kynning á bók, a.m.k. 1 glæra
- 3) Greining á bók (bókmenntahugtök, markhópur, flokkur, greining á myndum), 3-6 glærur
- 4) Lokaniðurstaða (mat á gæðum bókar, rökstuðningur), a.m.k. 1 glæra
- 5) Heimildaskrá. **ATH! Ef þið ætlið að hafa þakkarglæru kemur hún á undan heimildaskrá.**
- 6) Myndaskrá